Reykjavík

Félagmiðstöðin Bústaðir

Starfsáætlun 2026-2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:
Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

Efnisyfirlit:

Inngangur 3
Innra mat 2025-2026 4
Umbótaáætlun 2026-2027 5
Þróunarverkefni og áherslur starfsársins 7
Helstu dagsetningar 8
- Ágúst 8
- September 8
- Október 8
- Nóvember 8
- Desember 8
- Janúar 8
- Febrúar 8
- Mars 8
- Apríl 8
- Maí 9
- Júní 9
- Júlí 9

Inngangur

Í þessari starfsáætlun er fjallað um innra mat félagsmiðstöðvarinnar Bústaðir auk þess sem tilgreindir eru viðburðir og dagsetningar í hverjum mánuði sem skiptir máli í starfinu.

Markmið með innra mati er að efla árangur og gæði frístundastarfs. Metið er út frá útgefnum Viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum frístundastarfs Reykjavíkurborgar þar sem vísbendingar sem þykja framúrskarandi eða mjög góðar eru taldar til styrkleika en vísbendingar sem fá einkunnina ábótavant eða óviðunandi fara í umbótaáætlun. Niðurstöður viðhorfskannana eru ávallt rýndar í innra mati.

Innra mat 2025-2026

Styrkleikar og tækifæri eru byggð á niðurstöðum úr innra mati síðasta árs og unnin út frá matsblöðum fyrir áhersluþætti innra mats.

Styrkleikar (vísbendingar sem fá A)

- Skipulega er unnið með lýðræði í starfi með börnum og unglingum og þau hvött til að koma með eigin hugmyndir að dagskrá. Þau fá tækifæri og stuðning til að hrinda eigin hugmyndum í framkvæmd.
- Markvisst er leitað eftir skoðunum þeirra sem eiga erfitt með að koma skoðunum sínum á framfæri, s.s. vegna fötlunar, tungumáls, félagslegrar aðstöðu eða veikinda.
- Starfsumhverfi er án aðgreiningar og einkennis af hlýju, öryggi og virðingu.
- Lögð er áhersla á forvarnar-, menntunar og/eða afþreyingargildi við dagskrárgerð í félagsmiðstöðinni.
- Starfsemi og opnunartími tekur mið af ólíkum þörfum einstaklinga og hópa. Í starfinu er boðið upp á opið starf og hópastarf.
- Reglulega eru haldnir viðburðir (s.s. ferðir, sýningar, keppnir, böll, þemakvöld og heimsóknir).
- Félagsmiðstöðin veitir viðeigandi fræðslu til nýrra starfsmanna, hvetur til símenntunar og skapar aðstæður til starfsþróunar.
- Forstöðumaður virkjar starfsfólk, börn, unglinga og aðra hagsmunaaðila við mótun þjónustunnar.
- Forstöðumaður hittir skólastjórnendur reglulega til samráðs vegna sameiginlegra málefna.
- Forstöðumaður/stjórnendateymi hvetur starfsfólk markvisst til að nýta styrkleika sína, hæfileika og sérþekkingu í starfi.
- Starfið og dagskráin er kynnt börnum, unglingum, foreldrum og starfsfólki (s.s. með tölvupósti, á samfélagsmiðlum og/eða kynningarfundum).
- Fjölbreytt úrval af efnivið er til staðar (sbr. gátlista um skipulag húsnæðis og efnivið félagsmiðstöðva).

Tækifæri (vísbendingar sem fá C eða D)

- Lýðræðislega er valið í félagsmiðstöðvaráð og önnur ábyrgðarhlutverk.
- Húsnæði félagsmiðstöðvarinnar uppfyllir skilgreiningu á rýmisþörf félagsmiðstöðva (sbr. gátlisti um skipulag húsnæðis og efnivið félagsmiðstöðva).

Umbótaáætlun 2026-2027

Heiti aðgerðar: Bústaðaráð	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Lýðræðislega er valið í félagsmiðstöðvaráð og önnur ábyrgðarhlutverk.
Tækifæri til umbóta.	Bústaðir félagsmiðstöð tekur þátt í nemendafélagi, félagsmiðstöðvarráði hverfisins og ungmennaráði en ekki er kosið í slík ráð. Tækifæri til umbóta væri því að koma á sérstöku Bústaðarráði þar sem árgangar/bekkir gætu kosið sér fulltrúa. Ráðið gæti komið að dagskrárgerð, framkvæmd dagskrár og ákvarðanatöku varðandi félagsmiðstöðvarstarfið.
Aðgerðir til umbóta.	Koma á fót sérstöku Bústaðarráði þar sem árgangar/bekkur gætu kosið sér fulltrúa. Ráðið gæti komið að dagskrárgerð, framkvæmd dagskrár og ákvarðanatöku varðandi félagsmiðstöðvarstarfið.
Ábyrgð	Forstöðumaður Bústaða
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Verkefnið hefst á vorönn 2027 og verður hluti af starfsemi Bústaða.
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Verkefnið verður metið við lok vorannar 2027 af starfsfólki og meðlimum ráðsins. Kannað verður með samtali og spurningalista hvernig ráðinu gekk og hvað mætti bæta fyrir næsta skólaár.
Viðmið um árangur.	Hafi Bústaðaráð verið stofnað, meðlimir þess úr hópi barna og unglinga verið lýðræðislega kosnir af jafnöldrum sínum og niðurstöður endurmats verið jákvæðar er litið svo á að aðgerðin hafi skilað árangri.

Heiti aðgerðar: Húsnæðisaðstaða Bústaða	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Húsnæði félagsmiðstöðvarinnar uppfyllir skilgreiningu á rýmisþörf félagsmiðstöðva (sbr. gátlisti um skipulag húsnæðis og efnivið félagsmiðstöðva).
Tækifæri til umbóta.	Loftgæðum í húsnæði félagsmiðstöðvarinnar er verulega ábótavant.
Aðgerðir til umbóta.	Áframhaldandi vinna með deildarstjóra við að finna lausnir til að bæta loftgæði, t.d. með lofttækjum.
Ábyrgð	Deildarstjóri/forstöðumaður
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Í byrjun skólaárs 2026 og við lok skólaárs 2027.
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Samtöl og mælingar.
Viðmið um árangur.	

Þróunarverkefni og áherslur starfsársins

út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 og Almennum aðgerðum menntastefnu Reykjavíkur 2025-2027.

- Í Bústöðum verður farið af stað með þróunarverkefnið Bústaðaráð. Þar mun sérstakt Bústaðaráð skipað börnum og unglingum í félagsmiðstöðinni koma að dagskrárgerð, framkvæmd dagskrár og ákvarðanatöku um starfsemi Bústaða.

- Í Bústöðum er lögð rík áhersla á að ná til fjölbreytts hóps barna og unglinga, meðal annars í gegnum hópastarf. Boðið er upp á almennt og sértækt hópastarf einu sinni í viku. Stefnt verður að því að bjóða upp á fjölbreytt viðfangsefni með það að markmiði að ná til ólíkra hópa. Í öllu hópastarfi er lögð áhersla á sjálfseflingu, góð samskipti og að einstaklingar efli félagsfærni sína.

Helstu dagsetningar

Ágúst

- Vetrarstarf unglinga hefst 25 ágúst

September

- Vetrarstarf miðstigs hefst 7 sept
- Nýliðafræðsla 7 sept
- Geðheilbrigðisvika 14-18 sept
- Klúbbastarf hefst 9 sept
- Bekkjarkvöld 16 sept

Október

- Félagsmiðstöðvardagurinn og fjölskylduopnun 21 okt
- Vetrarfrí 22, 23, 26 okt
- 6uBall 7 okt
- Landsmót Samfés 9-11 okt
- Bekkjarkvöld 12 okt

Nóvember

- Gistinótt 6-7 nóv
- Starfsþróunarsamtöl
- Skrekkur 9-16 nóv
- Rímnaflæði 20 nóv
- 75 ára afmæli Réttarholtsskóla
- Draugahús Bústaða 4 nóv

Desember

- Jólahús Bústaða
- Jólabingó
- Endurmat einstaklingsáætlana 14 des

Janúar

- Bústaðaráð tekur til starfa 1 jan
- Hinsegin vika
- Bekkjarkvöld

Febrúar

- Vetrarfrí 22-23 feb
- Söngkeppni félagsmiðstöðva hverfisins
- Bekkjarkvöld

Mars

- Skíðaferð 5-7 mars
- Danskeppni Samfés 5 mars
- Bekkjarkvöld

Apríl

- Barnamenningarhátíð
- Gistinótt
- Góðgerðarvika nemendafélags Réttarholtsskóla
- Bekkjarkvöld

Maí

- Starfsþróunarsamtöl
- Vetrarstarfi lýkur 31 maí
- Samfest 7-8 maí
- 50 ára afmæli Bústaða
- Gerð einstaklingsáætlana

Júní

- Sumarstarf 10-12 ára
- Útskriftarferð foreldrafélags Réttarholtsskóla

Júlí

- Útilega unglingastarfs
- Sumarstarf 10-12 ára